



## Sjálfbærni ráð Reykjanessbæjar

Reykjanessbær, 23. apríl 2024

Mál nr. 2022110136

### Efni: Aðlögunaraðgerðir vegna loftslagsbreytinga

Reykjanessbær er ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum (Akureyri, Fjallabyggð, Reykhólahreppi og sveitarfélaginu Hornafirði) þátttakandi í verkefni sem snýr að aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ásamt Veðurstofunni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rannís, Samtökum atvinnulífsins og Bændasamtökunum eru að undirbúa styrkumsókn til LIFE-áætlunar Evrópusambandsins til innleiðingar á aðlögunaráætlun Íslands vegna loftslagsbreytinga. Sveitarfélögunum fimm sem eru þátttakendur í C10 hefur verið boðið að koma inn í umsóknina.

LIFE styrkir Evrópusambandsins eru mjög stórir og undirbúningsferlið yfirgripsmikið. Það var kynningarfundur þann 23. apríl á þessu verkefni þar sem við fengum stutta kynningu á þessu og í þessu liggja fjölmörg tækifæri.

Við, sem sveitarfélag, ákveðum sjálf hvaða verkefni við viljum sækja um styrk fyrir og ef umsóknin verður samþykkt er styrkurinn 60% og mótframlag okkar 40%, sem getur verið í formi vinnuframlags.

Hér er um að ræða innleiðingar áætlun sem ráðist verður í á næstu árum og því nokkuð líklegt að við munum þurfa að fara í þessi verkefni fyrir eða síðar.

Ákvörðun um þetta þarf að vinna hratt og vel en stefnt er að því að hún liggi fyrir þann 16. maí nk.

Aðstandendur verkefnisins eru tilbúnir til þess að kynna það betur fyrir bæjarstjórnnum og starfsfólki sé þess óskað.

Hér meðfylgjandi er einblöðungur sem fer yfir helstu upplýsingar, kynningin sem farið var yfir á fundinum og [hér](#) má finna gagnagrunn með hugmyndum að aðgerðum til aðlögunar á loftslagsáhrifum.

Óskað er eftir því að sjálfbærni ráð taki afstöðu til þessa verkefnis.

Anna Karen Sigurjónsdóttir  
verkefnastjóri sjálfbærnimála

#### Ráðhús Reykjanessbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanessbær

Sími: 421 6700  
reykjanessaer@reykjanessaer.is  
S  
[www.reykjanessaer.is](http://www.reykjanessaer.is)

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni